


Vegagerðin
Rob P.M. Kamsma
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík



Reykjavík, 4. júlí 2014
Tilvísun: UST20140700056/þek

Framkvæmdaleyfi – Sjóvörn vestan við Gufuskála, við Írskrabrunn

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 26. maí 2014 þar sem óskað er leyfi Umhverfisstofnunar til að gera sjóvörn vestan við Gufuskála við Írskrabrunn.


Framkvæmdin er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem var stofnaður árið 2001 samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í reglum sem gilda um þjóðgarðinn segir m.a. : „Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar“.

Í verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls segir m.a.: „Tryggja þarf að menningarminjar séu verndaðar“. Tilgangur framkvæmdarinnar er að verja Írskrabrunn fyrir því að ágjöf yfir sjávarkamb beri með sér gjót og sand ofan í brunninn. Vegna þessa þá veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Fara varlega á vinnuvélum í nágrenni brunnsins svo að fornleifarnar sem framkvæmdinni er ætlað að verja raskist ekki á framkvæmdatímanum.
- Hleðslan verði felld vel að landi, eins og fram komi í gögnum Vegagerðarinnar.
- Að við lagningu vinnuslóða verði framkvæmd takmörkuð eins og frekast sé unnt.
- Að samráð verði haft við starfsmenn þjóðgarðsins og Umhverfisstofnun um framkvæmdina.
- Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.
- Að þeir sem að verkinu koma kynni sér reglugerð um þjóðgarðinn.
- Að skemmdir sem hugsanlega hljóttast af framkvæmdinni verði lagfærðar.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði að ofangreindum skilyrðum mun framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi þjóðgarðsins.

Virðingarfyllt



René Biasone
Teymisstjóri



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

